

Nd.

26. Frumvarp

til laga um ráðherrastefnur.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Hver ráðherra getur krafist þess, að efnt sje til ráðherrastefnu, þá er honum þykir ástæða til. Ráðherrastefnur er öllum ráðherrunum rjett og skylt að sitja. Sá ráðherra, sem konungur hefir kvatt til forsætis, ákveður dag og stund ráðherrastefnu og stýri henni.

2. gr.

Öll lög frá Alþingi skulu rædd á ráðherrastefnu, áður en þau eru lögð fyrir konung til staðfestingar. Hið sama er og um öll lagafrumvörp, áður en þau sje lögð fyrir Alþingi. Ekkert lagafrumvarp má leggja fyrir Alþingi sem stjórnarfrumvarp, ef meiri hluti ráðherra mótmælir því.

3. gr.

Allar stjórnarráðstafanir, sem eigi verða taldar með sjálfsgöðum daglegum störfum stjórnarráðsins, skulu ræddar á ráðherrastefnu, áður en þær koma til framkvæmdar. Enga slíka ráðstöfun má framkvæma, ef meiri hluti ráðherra mótmælir henni.

Hver ráðherra getur á ráðherrastefnu vakið máls á stjórnarráðstöfunum, sem framkvæmdar hafa verið, án þess að hafa verið ræddar áður á ráðherrastefnu.

4. gr.

Á ráðherrastefnu skal ákveða, hver ráðherra skuli bera mál undir konung í forföllum forsætisráðherra, eða þegar sjerstaklega stendur á. Sömuleiðis skal þar ákveða, hver ráðherra stýri ráðherrastefnum, þegar svo ber undir.

5. gr.

Halda skal bók um það, sem gerist á ráðherrastefnum. Skrifstofustjórninn á 1. skrifstofu stjórnarráðsins er ritari ráðherrastefnu.

Hver ráðherra getur krafist þess, að tillögur hans og athugasemdir sjeu bókaðar, og jafnan skal bóka ályktanir allar.

Að hverri ráðherrastefnu lokinni skal gerðabókin undirskrifuð af ráðherrunum og ritara.